

Sjöundi fundur Skólaráðs Garðaskóla haldinn 3.febrúar 2010 kl. 15.20

Fundargerð

Þessir fulltrúar Skólaráðs voru mættir. Ragnar Gíslason skólastjóri, Þröstur Guðmundsson aðstoðarskólastjóri, Elín Thorarensen og Friðrik Ingi Friðriksson, fulltrúar foreldra, Reynir Engilbertsson og Guðrún Björk Einarsdóttir fulltrúar kennara, Ólafur Valgeir Guðjónsson, fulltrúi annarra starfsmanna en kennara, Gunnar Richardson, fulltrúi grenndarsamfélags og Kristjana Björk Brynjarsdóttir fulltrúi nemenda. Skólastjóri setti fund kl. 15.20.

Dagskrá:

Starfsreglur Skólaráðs Garðaskóla

Lögð voru fram endanleg drög að starfsreglum Skólaráðs Garðaskóla. Starfsreglurnar verða birtar á heimasíðu skólans.

Drög að Skóladagatali 2010-2011

Lögð voru fyrir Skólaráð þau drög að skóladagatali skólaársins 2010-2011 sem nú hafa verið send frá grunnskólum bæjarins til Skóladeildar Garðabæjar. Ráðið gerði eftirfarandi athugasemdir við dagatalið: Lagt var til að skipulagsdagur 23.ágúst (merktur blár á dagatali) yrði færður fram að vori 7. eða 8. júní. og að skipulagsdagur 7. júní (merktur rauður) yrði færður til 3.júní. Fulltrúi nemenda lagði til að vorprófum (gulir dagar) yrði seinkað um a.m.k. tvo daga í maí. Fulltrúi kennara greindi frá ályktun sem væntanleg er frá kennarafundi í Garðaskóla þar sem krafist er að aðkoma kennara og starfsmanna skólanna að gerð skóladagatals verði aukin og tillit tekið til sérþarfa einstakra skóla og að vetrarleyfi séu staðsett þannig að vetrarstarfið brotni eðlilega upp og lotur verði ekki of langar.

Endurskoðun á skólastefnu Garðabæjar.

Skólastjóri kynnti lauslega niðurstöður af vinnu starfsmanna og nemenda við að leggja fram tillögur vegna endurskoðunar á skólastefnu Garðabæjar fyrir árin 2010-2013. Hópar nemenda og starfsmanna höfðu svarað þessum spurningum: *Hvað gerir skólastarf gott? Hvað má gera til að gera skólastarfið betra?* Skólastjóri kynnti í þessu samhengi fyrirhugað skólaþing Garðabæjar um skólastefnuna 11. febrúar nk.

Fjárveitingar til Garðaskóla vegna ársins 2010

Skólaráð ræddi úthlutun á tímamagni til skólans fyrir skólaárið 2010-2011. Ljóst er að úthlutun verður endurmetin af hálfu bæjaryfirvalda þegar 3ja mánaða uppgjör bæjarins liggur fyrir. Skólastjóri svaraði fyrirspurn foreldrafulltrúa um nýtingu og skipulagi skólans á stjórnunarkvóta. Foreldrafulltrúar sögðu jafnframt frá heimsókn sinni til bærarstjóra fyrir nokkru.

Önnur mál:

Fulltrúi foreldra kynnti hugmyndir svæðaráðs foreldra um að halda ráðstefnu um liðan barna í grunnskólum Garðabæjar sem hugur stendur til að halda á vormánuðum.

Skólastjóri sleit fundi kl. 16.50.
Ragnar Gíslason, ritaði fundargerð